



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 21. mars 2023
23031839/000.00 SSF

Efni: Breyting á bæjarmálasamþykkt vegna barnaverndarþjónustu.

Síðastliðin áramót var barnaverndarlögum breytt og málsmeðferðarreglur barnaverndar sveitarfélaga höfðu því ekki lengur lagastoð. Valdaframsal til barnaverndarnefnda var sjálfhætt vegna lagabreytinga og umdæmisráð tók við starfsemi barnaverndarnefnda.

Í 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að sveitarstjórn fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu en sveitarstjórn sé heimilt að fela hana fastanefnd með sérstakri samþykkt. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, sem kom ný inn með breytingarlögum nr. 107/2021, skal sveitarstjórn setja samþykkt þar sem vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt barnaverndarlögum er falið einum eða fleiri úr hópi starfsfólks barnaverndarþjónustu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Slík samþykkt var sett í Kópavogsbæ og staðfest af bæjarráði og bæjarstjórn fyrir síðustu áramót (2212125).

Tveimur dögum síðar bárust leiðbeiningar frá Innviðaráðuneytinu og Mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem tekinn var af allur vafi um það að samþykktin þyrfti að vera hluti af bæjarmálasamþykkt sveitarfélaganna. Þá hafa verið gerðar orðalagsbreytingar og tekið tillit til athugasemda ráðuneytisins til nánari skýringa á málsmeðferðarreglunum. Málsmeðferðarreglurnar eru settar sem fyrsti viðauki við bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar. Viðaukinn felur ekki í sér miklar efnislegar breytingar frá núgildandi málsmeðferðarreglum barnaverndar.

Að auki eru gerðar breytingar á 47. gr. bæjarmálasamþykktarinnar vegna sömu lagabreytinga sem varða barnaverndarþjónustuna. Hlutverk velferðarráðs er nú skilgreint með nákvæmari hætti og tekið fram að velferðarráð fari með yfirstjórn barnaverndarþjónustu; skipun í barnaverndarnefnd er felld niður og þess í stað mælt fyrir um skipun í umdæmisráð.

Því er lagt til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi breytingar á samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013 (bæjarmálasamþykkt) og vísi henni til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,


Steinn Sigríðarinn
Lögfræðingur